



Fjölbrautaskóli Vesturlands  
á Akranesi



**Innra mat, skólaárið 2019-2020**

**Fjölbrautaskóli Vesturlands**

á Akranesi

Efnisyfirlit

Inngangur – Um skólann.....	3
Vorönn 2020 .....	4
Tímalína aðgerða hjá FVA v. Covid-19.....	4
nám í FVA – námskrá skólans .....	5
Gæðastjórnun .....	6
um Mat á skólastarfinu.....	7
Verk- og framkvæmdaáætlun 2019-2022 .....	8
Innra mat .....	9
Tölulegar upplýsingar - lykiltölur.....	10
Brautskráning .....	13
Brottfall.....	13
niðurstöður kennslukannana .....	13
Kennslukönnun haust 2019 .....	13
Kennslukönnun vor 2020 .....	13
Stutt könnun í samkomubanni .....	15
Skólapúlsinn .....	17
Þjónustukannanir .....	17
Náms- og starfsráðgjöf, þjónusta geðhjúkrunarfræðings og forvarnir.....	17
Félagslíf nemenda .....	19
Umhverfismál .....	19
Heilsueflandi framhaldsskóli .....	19
Erlent samstarf .....	20
Tæknimál.....	20
Skjalavistun.....	21
Bókasafn .....	21
Stefnur og áætlanir .....	21
Ytra mat .....	21
Úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytis 2017 .....	21
Skólapúlsinn 2019 .....	21
Stofnun ársins 2020.....	22
markmið og úrbætur .....	24
Markmið 2019 til 2020 - árangur og úrbætur .....	24
markmið og aðgerðir fyrir skólaárið 2020-2021 .....	26



## INNGANGUR – UM SKÓLANN

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi var settur í fyrsta sinn haustið 1977 og átti því 42 ára starfsafmæli haustið 2019. Hann er á margan hátt dæmigerður fyrir íslenska framhaldsskóla sem starfa utan Reykjavíkursvæðisins: Hann leitast við að þjóna þörfum íbúa á sínu svæði, þ.e. Vesturlandi, bæði unglunga og fullorðinna, fyrir menntun á framhaldsskólastigi. Á haustönn 2019 var 481 nemandi skráður í skólann en 430 á vorönn 2020. Starfsmenn voru alls 69 allt árið.

Meirihluti nemanda eða um 65% var á aldrinum 6-19 ára, um 18% á aldrinum 20-24 ára og um 17% 25 ára og eldri og um 95% nemenda var frá Akranesi og öðrum sveitarfélögum á Vesturlandi. Rúmlega helmingur nemenda var á stúdentsbrautum í dagskóla, hátt í 40% á iðnbrautum í dagskóla eða í dreifnámi og aðrir á öðrum námsbrautum. Nemendur í dreifnámi (sjúkraliðabraut, vél- og málmtæknibraut og húsasmíðabraut) stunda nám meðfram vinnu og mæta í staðbundnar lotur. Skólinn starfar eftir áfangakerfi þar sem hver nemandi fær sína einstaklingsstundaskrá í upphafi annar. Við skólann eru eftirfarandi brautir:

- Bóknámsbrautir sem leiða til stúdentsprófs
- Iðnnámsbrautir í tré-, málm- og rafiðngreinum
- Sjúkraliðabraut
- Framhaldsskólabraut
- Starfsbraut fyrir nemendur með fötlunargreiningu

FVA kemur til móts við ólíka getu, þarfir og áhuga nemenda. Skólinn byggir á hefð sem leggur áherslu á að allir séu velkomnir, fái viðfangsefni við hæfi, vinni vel og nái góðum árangri. Skólinn býr nemendur undir þátttöku í atvinnulífinu og framhaldsnám á háskólastigi.

Hlutverk FVA er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda við skólann svo þeir verði sem best í stakk búnir til að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi í samræmi við lög um framhaldsskóla nr. 92/2008. Áhersla er á grunnþætti menntunar, þ.e. læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun og þeir ásamt einkunnarorðum skólans, *jafnrétti – virðing – fjölbreytileiki*, eru hafðir að leiðarljósi í kennslu og öðrum þáttum skólastarfsins. Markmið í [skólanámskrá FVA](#) endurspeglar þessa grunnþætti, þ.e. um að veita menntun sem felur í sér þekkingu, leikni og hæfni í einstökum greinum, víðsýni og gagnrýna hugsun, ábyrgð og sanngirni, vandvirkni og góð vinnubrögð. Þá er markmið að stuðla að heilbrigðum lífsháttum nemenda, bera virðingu fyrir hverjum einstaklingi og koma fram við alla í anda jafnréttis og lýðræðis.

Skólinn býður nemendum góða aðstöðu til náms (námsver, bókasafn, tölvustofa) og félagsstarfa en við skólann er starfrækt öflugt nemendafélag, NFFA.

Breytingar urðu á yfirstjórn skólans á þessu skólaári. Ágústa Elín Ingbórsdóttir sem hafði verið skólameistari til 5 ára lauk störfum í árslok 2019. Þann 1. janúar 2020 kom nýr skólameistari til starfa,




Steinunn Inga Óttarsdóttir, en staða skólameistara var auglýst um mitt ár 2019. Steinunn Inga var ráðin eftir hefðbundið ráðningarferli. Dröfn Viðarsdóttir, aðstoðarskólameistari fór í námsleyfi til eins árs frá hausti 2019 til haustsins 2020. Afleysingastaða aðstoðarskólameistara var auglýst innanhúss og í kjölfar hefðbundins ráðningarferlis var Þorbjörg Ragnarsdóttir, kennari og deildarstjóri í raungreinum, ráðin í stöðuna.

Þegar skólastarf hófst haustið 2019 var gert ráð fyrir að það yrði með hefðbundnum hætti allt skólaárið. Heimsfaraldur, covid-19, kórónaveiran, setti strik í reikninginn.

## VORÖNN 2020

Í byrjun febrúar kom Öryggisnefnd FVA saman til að yfirfara viðbragðsáætlun skólans í kjölfar þess að neyðarástandi á heimsvísu var lýst yfir vegna útbreiðslu kórónuveiru sem veldur skæðri influensu, covid-19. Þann 13. mars 2020 tilkynntu Almannaþingir um neyðarstig sem hefði í för með sér takmörkun á skólastarfi. Frá 16. mars var skólanum lokað og samkomubann sett á. Öll kennsla var færð í form fjarkennslu á einni helgi og hélst það fyrirkomulag út skólaárið: Bæði nemendur og kennarar unnu heiman að yfir netið, heimavist og mötuneyti var lokað og hefðbundin starfsemi í skólahúsnæðinu var því sem næst engin en stjórnendur voru á staðnum í tveimur teymum. Kennslu var haldið uppi af mikilli elju, bæði í rauntíma með hjálp tækninnar, s.s. Teams, og námsefnið var lagt inn á Innu. Kennarar tóku í mjög auknum mæli í notkun alls kyns forrit og verkfæri í viðleitni til að ná sem best til nemenda í þessu nýja kennsluumhverfi. Innra starf skólans á tímum Covid-19 var því með öðrum hætti en áður, engir viðburðir eða samkomur af nokkru tagi vegna samkomubanns. Eftir sem áður var nám og kennsla samkvæmt náms- og kennsluáætlunum og heppnaðist vel. Þetta nýja landslag í námi og kennslu sem komið var á á nánast einni helgi sýndi vel hve starfsmannhópurinn er öflugur og hvers nemendur eru megnugir. Námsmat var sniðið að þessu nýja landslagi. Það gefur auga leið að samanburður við fyrri annir er annmörkum háður, breytingar voru einfaldlega það miklar. Yfirlit yfir kennslufyrirkomulag og framvindu í skólastarfinu á vorönn með covid-19 má sjá hér neðar á tímalínu aðgerða hjá FVA:

### TÍMALÍNA AÐGERÐA HJÁ FVA V. COVID-19



## NÁM Í FVA – NÁMSKRÁ SKÓLANS

Námsgreinarnar skiptast með þessum hætti á 9 deildarstjóra:

- Málmiðngreinar
- Íslenska
- Rafiðngreinar
- Raungreinar, heilbrigðisgreinar og íþróttir
- Samfélagsgreinar, saga, lífsleikni
- Starfsbraut
- Stærðfræði, tölvufræði, viðskiptagreinar
- Tréiðngreinar
- Tungumál

Skólanámskrá FVA er á rafrænu formi. Í skólanámskrá koma fram upplýsingar um meginmarkmið skólans. Kaflarnir skiptast í:

- Stefna skólans
- Áætlanir
- Námsbrautir og áfangar
- Inntökuskilyrði og námsframvinda



- Námsmat og próf
- Mat á námi og reynslu
- Samskipti og skólareglur
- Siðareglur
- Meðferð upplýsinga
- Samstarf
- Þjónusta og starfsfólk
- Skóladagatal
- Viðaukar

Rafræn birting tryggir auðvelt aðgengi að innihaldi skólanámskrár sem verður þannig að lifandi skjali og síður er hættu á að menn missi sjónar á þeim markmiðum sem þar eru sett.

Skólanámskrá FVA, 16. útgáfa frá ágúst 2019 er aðgengileg [hér](#).

## GÆÐASTJÓRNUN

Jafnréttisslög frá 2008<sup>1</sup> kveða m.a. á um jöfn laun fyrir sömu eða jafnverðmæt störf og að unnið skuli gegn launamisrétti. Krafa um jafnlaunavottun hjá fyrirtækjum og stofnunum var svo staðfest í lögum árið 2017<sup>2</sup>. Á árinu 2019 var unnið að jafnlaunakerfi FVA og skyldi afurðin standast kröfur stjórnunarstaðals, þ.e. jafnlaunastaðalsins [ÍST 85:2012](#). Vottunarstofan iCert gerði úttekt á kerfinu í vor og staðfesti að kerfi FVA standist allar kröfur staðalsins. Jafnréttisstofa staðfesti í kjölfarið niðurstöðuna og veitti okkur leyfi til að jafnlaunamerkið, sjá [hér](#). Héðan í frá gerir iCert árlega viðhaldsúttekt á kerfinu. FVA var sjöundi framhaldsskólinn á Íslandi til að ná þessum áfanga. Gæðastjóri ber ábyrgð á viðhaldi kerfisins.



### Gæðamarkmið

Eftirfarandi markmið hafa verið sett í gæðastarfi en þau endurspeglast í [Verk- og framkvæmdaáætlun](#).

1. Allir áfangar fara í kennslumat skv. verk- og framkvæmdaáætlun.
2. Öll þjónusta í skólanum er metin reglulega, s.s. þjónusta mötuneytis, bókasafns, skrifstofu og fl.

<sup>1</sup> <https://www.althingi.is/altext/stjt/2008.010.html>

<sup>2</sup> <https://www.althingi.is/altext/stjt/2017.056.html>



3. Starfsemi deilda er metin með samtölum við deildarstjóra og skýrslum deilda.
4. Umsjón með nýnemum er skipulögð og lagt upp úr góðu samstarfi við þá og forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri.
5. Kappkostað skal að draga úr brottfalli eins og kostur er. Leiðin er m.a. með því að efla stoðþjónustu og forvarnir, s.s. með viðtölum og námsstuðningi við nemendur.
6. Styðja faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, ekki síst skóla sem skilgreindir eru áþekkir FVA. Skólarnir kynni starfsemi sína og nýjungar og nýta þannig jafningjafræðslu.
7. Úttekt á skólahúsnæði og heimavist skal framkvæma reglubundið með það að leiðarljósi að það henti sem best fyrir starfsfólk og nemendur.
8. Rekstur skólans sé ávallt innan fjárheimilda.

## UM MAT Á SKÓLASTARFINU

### INNRA OG YTRA MAT

**Innra mat:** Viðfangsefni innra mats hjá FVA byggja á reglugerð menntamálaráðuneytis frá 24. ágúst 2010 þar sem segir að markmið mats og eftirlits með skólastarfi skulu vera að:

1. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá framhaldsskóla,
2. tryggja að réttindi nemenda séu virt og þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum,
3. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
4. auka gæði skólastarfs, stuðla að umbótum og aukinni ábyrgð skóla á eigin starfi.

Byggt á þessu eru kennsla og námsframboð, lykilárangur, stjórnun og skipulag, samskipti og líðan og aðbúnaður fastir liðir innra mats hjá FVA. Matið fer fram með ýmsum hætti og byggir einkum á:

- Viðhorfskönnunum þar sem kallað er eftir viðhorfi nemenda og starfsfólks, fyrrverandi nemenda auk forráðamanna, til að meta ákveðna þætti í skólastarfinu og þjónustukannanir til að fá fram viðhorf nemenda og/eða starfsfólks til t.d. þjónustu mötuneytis, þjónustu bókasafns, um mat á tækjakosti, aðgengismálum og svo framvegis.
- Kennslukönnunum sem lagðar eru reglubundið fyrir nemendur til að meta kennslu og námsefni.
- Rýni í töluleg gögn, lykiltölur; árlega er gerð greining á ýmsum gögnum úr nemendaupplýsingakerfi skólans - Innu, til að greina þætti eins og aðsókn að skólanum, gengi nemenda í námi, brottfall o.fl. Jafnframt rýni í ýmsar lykiltölur sem gefa upplýsingar um breytingar á milli anna og ára en hafa verður í huga að einar og sér segja þær lítið: Skoða þarf semhengi hluta og mögulegar orsakir breytinga til að geta brugðist við.
- Viðtölum, þar með talið eru starfsmannaviðtöl (snerpusamtöl).



- Rýnihópum þegar það á við – með rýnihópum er stuðlað að lýðræðislegum vinnubrögðum.

Tilgangur ofangreinds mats er alltaf að draga fram sterkar og veikar hliðar í skólastarfinu og meginatriði í þeim viðhorfum sem fram koma í niðurstöðunum. Á grundvelli þeirra er gripið til aðgerða til að stuðla að umbótum í skólastarfinu.

Gert var ráð fyrir að formlegt sjálfsmat yrði innleitt á skólaárinu en það náðist ekki vegna aðstæðna sem covid-19 skapaði.

Sjá nánar kaflann [Innra mat](#).

**Ytra mat:** Undir ytra mat falla kannanir og úttektir sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti lætur framkvæma á skólanum sem og kannanir sem aðrir gera, að jafnaði með samþykki/stuðningi ráðuneytisins, s.s. Skólapúlsinn sem mælir líðan og viðhorf nemenda, Ungt fólk meðal framhaldsskólanema (Rannsókn og greining) og Stofnun ársins sem mælir starfsánægju og starfsumhverfi.

Sjá nánar kaflann [Ytra mat](#).

## VERK- OG FRAMKVÆMDAÁÆTLUN 2019-2022

	<p><b>Haustönn 2019</b></p> <p>Kennslukönnun (allir áfangar) Samantekt á lykiltölum* Starfsmannaviðtöl</p>
<p><b>Vorönn 2020</b></p> <p>Kennslukönnun dagnám (valdir áfangar) Kennslukönnun dreifnám (allir áfangar) Samantekt á lykiltölum* Stutt könnun í samkomubanni (ný könnun) Starfsmannaviðtöl Stofnun ársins</p>	<p><b>Haustönn 2020</b></p> <p>Kennslukönnun (valdir áfangar) Samantekt á lykiltölum* Starfsmannaviðtöl Þjónustukannanir</p>
<p><b>Vorönn 2021</b></p> <p>Kennslukönnun (valdir áfangar) Samantekt á lykiltölum* Skýrslur verkefnastjóra og deildarstjóra Brotthvarfsgreining Nemendakönnun Starfsmannaviðtöl Stofnun ársins</p>	<p><b>Haustönn 2021</b></p> <p>Kennslukönnun (valdir áfangar) Samantekt á lykiltölum* Rýnihópar deilda - niðurstöður Starfsmannaviðtöl</p>





<b>Vorönn 2022</b> Samantekt á lykiltölum* Kennslukönnun Nemendakönnun Foreldrakönnun Útskrifaðir nemendur Starfsmannaviðtöl Skýrslur verkefnastjóra og deildarstjóra Stofnun ársins	<b>Haustönn 2022</b> Samantekt á lykiltölum* Kennslukönnun Starfsmannaviðtöl
<b>Vorönn 2023</b> Samantekt á lykiltölum* Kennslukönnun Nemendakönnun Starfsmannaviðtöl Skýrslur verkefnastjóra og deildarstjóra Stofnun ársins	<b>Haustönn 2023</b> Samantekt á lykiltölum* Kennslukönnun Rýnihópur deilda Starfsmannaviðtöl

\*Lykiltölur eru t.d. fjöldi nemenda í heild, kynjaskipting, aldurskipting, fjöldi á brautum, brottfallstölur ofl.

Ath. að verk- og framkvæmdaáætlun getur tekið breytingum milli ára, t.d. geta verkþættir bæst við eftir því sem tilefni er til. Hér á eftir er fjallað um niðurstöður þátta samkvæmt verk- og framkvæmdaáætlun fyrir haustönn 2019 og vorönn 2020, lagt mat á árangur, hvað betur mætti fara og birt áætlun um úrbætur, eftir því sem við á.

## INNRA MAT

Í verk og framkvæmdaáætlun koma fram árlegar áherslur og áætlanir um innra mat sem skólinn framkvæmir. Allir þættir skólstarfsins eru metnir með skipulegum hætti og niðurstöður mats og skýrslur eru birtar á vef skólans. Matið er unnið með hliðsjón af markmiðum skólans eins og þau eru skilgreind í lögum, skólanámskrá og samkvæmt gæðamarkmiðum skólans. Við það er miðað að hver þáttur skólstarfsins sé metinn a.m.k. einu sinni á hverju þriggja ára tímabili. Innra mat var í höndum aðstoðarskólameistara og gæðastjóra. Matsskýrslur FVA má sjá [hér](#):

### SJÁLFSMATSTEYMI

Vorið 2019 var fyrirhugað að efla sjálfsmat í innra mati á næsta skólaári, þ.e. haustið 2019. Sjálfsmatsskýrsla yrði byggð á niðurstöðum vinnu sjálfsmatsteymis þar sem sæti ætti starfsfólk og nemendur. Niðurstöður yrðu hluti af innra mati en með því að ljúka skólaári með innra mati og skýrum niðurstöðum sjálfsmats er auðvelt að skipuleggja aðgerðir fyrir næsta skólaár og gripa til þeirra um leið og nýtt skólaár hefst. Sjálfsmatsteymi var fyrst sett á laggirnar í janúar 2020. Ófyrirsjáanlegar aðstæður, þ.e. heimsfaraldur covid-19 sem leiddi til aukins álags í nýju starfsumhverfi, gerði það að verkum að það starfaði ekki sem skyldi og ákveðið var að fresta frekari vinnu til haustsins 2020.

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR - LYKILTÖLUR

Á haustönn 2019 var 481 nemandi í námi við skólann en 430 nemendur á vorönn 2020. Skiptingu nemenda eftir kyni, aldri og brautum má sjá í töflum hér fyrir neðan.

### Nemendafjöldi samtals (dagskóli, dreifnám, kyn)

Haustönn 2019				Vorönn 2020			
	Karlar	Konur	Heildarfjöldi		Karlar	Konur	Heildarfjöldi
Dagskóli haustönn	229	175	404	Dagskóli vorönn	206	155	361
Dreifnám haustönn	42	35	77	Dreifnám vorönn	49	20	69
<b>Samtals haustönn 2019</b>	<b>271</b>	<b>210</b>	<b>481</b>	<b>Samtals vorönn 2020</b>	<b>255</b>	<b>175</b>	<b>430</b>

### Nemendafjöldi í dagskóla, yfirlit sl. ára\*

H – 2016	V – 2017	H – 2017	V – 2018	H – 2018	V – 2019	H – 2019	V-2020
437	367	433	384	434	386	404	361

\*Við brautskráum af bæði rafvirkja- og húsasmíðabraut í desember og hluti nemenda af stúdentsbrautum er brautskráður í desember eftir 7 annir. Með innritun heils árgangs á haustin veldur þetta ásamt brotthvarfi nemenda á haustönn því að nemendur eru ávallt fleiri á haustönn en vorönn.

### Nemendur eftir tegund náms og kyni

Námsbrautir	Haustönn 2019		Vorönn 2020	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
Framhaldsskólabraut alls	19	8	16	7
Nám til stúdentsprófs alls	89	157	85	138
Iðnnám alls	145	9	134	9
Sjúkraliðabrautir alls	1	30	0	11
Ótilgreint nám alls	0	1	2	5
Starfsbraut alls	17	5	18	5
<b>Samtals hvor önn</b>	<b>271</b>	<b>210</b>	<b>255</b>	<b>175</b>

### Hlutfallstölur búsetu nemenda eftir lögheimili

Lögheimili	Haustönn 2019	Vorönn 2020
Akranes	74%	73%
Hvalfjarðarsveit	5%	6%
Borgarnes og Borgarfjörður	7%	6,70%
Aðrir staðir á Vesturlandi	5%	6,30%
Utan Vesturlands	9%	8%
<b>Samtals</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>



### Samsetning nemenda eftir aldri og kyni

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á haustönn 2019					
Fæðingar ár	Karlur		Konur		Alls
	Dagskó li	Dreifná m	Dagskó li	Dreifná m	
1970 og fyrr		3		4	<b>7</b>
1971 - 1980	1	6		5	<b>12</b>
1981 - 1990	3	16	1	16	<b>36</b>
1991					<b>0</b>
1992		2		2	<b>4</b>
1993		4		6	<b>10</b>
1994	1	2			<b>3</b>
1995	1	4			<b>5</b>
1996		5	2	1	<b>8</b>
1997	4		1		<b>5</b>
1998	7		3		<b>10</b>
1999	11		5	1	<b>17</b>
2000	31		21		<b>52</b>
2001	59		43		<b>102</b>
2002	63		45		<b>108</b>
2003	47		54		<b>101</b>
2004	1				<b>1</b>
<b>Samtals</b>	<b>229</b>	<b>42</b>	<b>175</b>	<b>35</b>	<b>481</b>

Samsetning nemenda eftir aldri og kyni á vorönn 2020					
Fæðingarár	Karlur		Konur		Alls
	Dagskól i	Dreifná m	Dagskól i	Dreifná m	
1970 og fyrr		4	1	4	<b>9</b>
1971 - 1980		7	1	6	<b>14</b>
1981 - 1990		18		6	<b>24</b>
1991					<b>0</b>
1992	1	3	1	1	<b>6</b>
1993		5	1	1	<b>7</b>
1994		4	1		<b>5</b>
1995	1	2		1	<b>4</b>
1996		6	2	1	<b>9</b>
1997	4				<b>4</b>
1998	8		1		<b>9</b>
1999	10		4		<b>14</b>
2000	19		10		<b>29</b>
2001	53		41		<b>94</b>
2002	63		40		<b>103</b>
2003	46		52		<b>98</b>
2004	1				<b>1</b>
<b>Samtals</b>	<b>206</b>	<b>49</b>	<b>155</b>	<b>20</b>	<b>430</b>

## Skipting nemenda eftir brautum

Haustönn 2019	Skammst. brautar	Heildar- fjöldi		Hlutfall af samtals heildarfj.	
		Karlar	Konur		
Framhaldsskólabraut	FRH	19	8	27	5,61%
<b>Almennt nám alls</b>				<b>27</b>	<b>5,61%</b>
Félagsfræðabraut	FÉL	18	42	60	12,47%
Náttúrufræðabraut	NÁT	28	54	82	17,05%
Opin stúdentsbraut	OS	43	59	102	21,21%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	0	2	2	0,42%
<b>Nám til stúdentsprófs alls</b>				<b>246</b>	<b>51,14%</b>
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	8	1	9	1,87%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	2		2	0,42%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	46	2	48	9,98%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	44	4	48	9,98%
Námsbraut í húsasmíði	HÚ8	1		1	0,21%
Grunnnám málmíðna	MG	17		17	3,53%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	27	2	29	6,03%
<b>Iðnnám alls</b>				<b>154</b>	<b>32,02%</b>
Sjúkraliðabraut	SJÚ	1	2	3	0,62%
Sjúkraliðabraut	SJ		28	28	5,82%
<b>Sjúkraliðabrautir alls</b>				<b>31</b>	<b>6,44%</b>
Ótilgreint nám	ÓTN		1	1	0,21%
<b>Ótilgreint nám alls</b>				<b>1</b>	<b>0,21%</b>
Starfsbraut	ST4	17	5	22	4,57%
<b>Starfsbraut alls</b>				<b>22</b>	<b>4,57%</b>
<b>Samtals haustönn 2019</b>				<b>481</b>	<b>100%</b>

Vorönn 2020	Skammst. brautar	Heildar- fjöldi		Hlutfall af samtals heildarfj.	
		Karlar	Konur		
Framhaldsskólabraut	FRH	16	7	23	5,35%
<b>Almennt nám alls</b>				<b>23</b>	<b>5,35%</b>
Félagsfræðabraut	FÉL	11	38	49	11,40%
Náttúrufræðabraut	NÁT	28	47	75	17,44%
Opin stúdentsbraut	OS	42	52	94	21,86%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VIS	4	1	5	1,16%
<b>Nám til stúdentsprófs alls</b>				<b>223</b>	<b>51,86%</b>
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	4	1	5	1,16%
Námsbraut í rafvirkjun	RK9	1		1	0,23%
Námsbraut í rafvirkjun	RAF	43	2	45	10,47%
Námsbraut í húsasmíði	HÚS	49	4	53	12,33%
-					
Grunnnám málmíðna	MG	9		9	2,09%
Námsbraut í vélvirkjun	VS8	28	2	30	6,98%
<b>Iðnnám alls</b>				<b>143</b>	<b>33,26%</b>
Sjúkraliðabraut	SJÚ		1	1	0,23%
Sjúkraliðabraut	SJ		10	10	2,33%
<b>Sjúkraliðabrautir alls</b>				<b>11</b>	<b>2,56%</b>
Ótilgreint nám	ÓTN	2	5	7	1,63%
<b>Ótilgreint nám alls</b>				<b>7</b>	<b>1,63%</b>
Starfsbraut	ST4	18	5	23	5,35%
<b>Starfsbraut alls</b>				<b>23</b>	<b>5,35%</b>
<b>Samtals vorönn 2020</b>				<b>430</b>	<b>100,00%</b>

## BRAUTSKRÁNING

Á haustönn 2019 voru 74 nemendur brautskráðir frá skólanum þann 20. desember.

Á vorönn 2020 voru 65 nemendur brautskráðir þann 29. maí. Athöfnin var háð fjöldatakmörkunum gesta í samræmi gildandi samkomubann.

## BROTTFALL

Brottfall nemenda á vorönn 2020 var 4,3% eininga sem er 2,1% minna en á haustönn 2019. Brottfall mældist aukið árið 2019 vegna innleiðingar nýs vinnulags við úrvinnslu fjarvista nemenda.

V-2015	H-2015	V-2016	H-2016	V-2017	H-2017	V-2018	H-2018	V-2019	H-2019	V-2020
3%	4%	2,70%	2,50%	2,80%	4,50%	2%	3,40%	4,50%	6,40%	4,3%

Þegar skólinn lokaði í samkomubanni í mars 2020 fækkaði úrsögnum úr áföngum og skýrir það minna brotthvarf á vorönn 2020 m.v. annirnar á undan.

Meðaleinkunn í skólanum á haustönn 2019 var 7,0 og fallprósenta 13%.

Meðaleinkunn í skólanum á vorönn 2020 var 6,9 og fallprósenta 14,2%.

## NIÐURSTÖÐUR KENNSLUKANNANA

Markmið með kennslukönnun er fyrst og fremst að leggja mat á gæði kennslu út frá sjónarhóli nemenda. Niðurstöður kennslukönnunar geta gefið kennurum og stjórnendum ágætar vísbendingar um gæði áfanga, hvað vel er gert og það sem betur má fara. Um leið og könnun er lokið sjá kennarar niðurstöður sinna hópa í Innu. Skólameistari ber ábyrgð á að niðurstöðum kennslukönnunar sé fylgt eftir. Slík eftirfylgni átti sér stað með ýmsu móti t.d. var farið yfir niðurstöður í starfsmannaviðtölum (snerpusamtöl) og farið yfir samantektir á kennarafundi og niðurstöður ræddar meðal kennara í deildum.

---

### KENNSLUKÖNNUN HAUST 2019

Á haustönn var kennslukönnun var lögð fyrir alla nemendur skólans og fór kennslumatið fram í INNU eins og hefur verið frá árinu 2016. Hver nemandi svaraði könnuninni fyrir hvern og einn áfanga sem hann var í þegar könnunin var lögð fyrir en áfangar voru samtals 160. Svarhlutfall könnunarinnar á haustönn 2019 var lágt eða 40.8%. Samtals var um að ræða 24 krossaspurningar og 4 opnar spurningar.

---

### KENNSLUKÖNNUN VOR 2020

Á vorönn var kennslukönnun lögð fyrir í miðju samkomubanni í apríl og var farin sú leið að meta valda áfanga. Ákvörðun um hvaða deildir/áfangar yrðu fyrir valinu var tekin á deildarstjórafundi í upphafi annar. Þessar deildir fóru í mat í dagskóla: Máladeild, málmíðndeild, íslensku- og sögudeild og

stærðfræði og viðskiptagreinar. Hver nemandi svaraði könnuninni fyrir hvern og einn áfanga sem hann var í þegar könnunin var lögð fyrir og var hún lögð fyrir nemendum í 70 áföngum. Svarhlutfall við kennslukönnun á vorönn 2020 var 40.4%. Svarhlutfall var sem sagt litlu lægra en á haustönn, þrátt fyrir þær óvenjulegu aðstæður sem samkomubannið skapaði og öll kennsla var yfir netið í fjarnámi. Á vorönninni var kennslumat einnig lagt fyrir nemendum í dreifnámi (húsasmíðanám, sjúkraliðanám, vélvirkjanám) og þá sömu spurningar og í dagskólanum. Svarhlutfall við kennslukönnun í dreifnámi var 25.6% og var könnunin lögð fyrir 39 hópa.

### Samantekt niðurstaðna úr kennslukönnun skólaárið 2019 – 2020


	Haustönn 2019 Allir hópar Sammála/ Frekar sammála	Vorönn 2020 Dagskóli Sammála/ Frekar sammála	Vorönn 2020 Dreifnám Sammála/ Frekar sammála
Tímarnir í áfanganum eru áhugaverðir	78%	76%	94%
Tímarnir í áfanganum eru vel skipulagðir	88%	91%	92%
Ég nýti kennslutímann vel í þessum áfanga	88	89%	93%
Kennarinn útskýrir námsefnið vel í tímum	84%	88%	86%
Kennarinn hvetur mig til að gera mitt besta í áfanganum	86%	92%	92%
Ég tek virkan þátt í kennslustundum í þessum áfanga	86%	88%	95%
Góður vinnuandi er í tímum í þessum áfanga	86%	89%	95%
Kennarinn hlustar á spurningar nemenda og bregst við þeim	91%	95%	93%
Ég fæ tækifæri til að vinna með öðrum nemendum í þessum áfanga	87%	84%	86%
Kennarinn hvetur nemendum í þessum áfanga til að hugsa á gagnrýninn hátt	85%	83%	92%
Kennarinn hvetur nemendum í þessum áfanga til að tjá sig og koma sjónarmiðum sínum á framfæri	85%	86%	95%
Kennarinn hvetur nemendum til sjálfstæðra vinnubragða	91%	96%	97%
Ég fæ leiðbeinandi mat um stöðu mína í þessum áfanga	80%	85%	76%
Kennarinn bendir mér á hvernig ég get bætt mig í áfanganum	77%	81%	84%
Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga	97%	99%	98%
Ég er ánægð/ánægður með samskipti mín við kennarann	87%	88%	93%
Kennarinn kemur vel undirbúinn í kennslu	90%	93%	90%
Kennarinn mætir stundvíslega í kennslustundir	92%	96%	93%
Ég er ánægð/ánægður með námsgögnin sem eru notuð í áfanganum	86%	82%	88%

Í töflunni eru teknar saman niðurstöður kennslukannanna þar sem nemendur svara fullyrðingum með Sammála eða Frekar sammála. Svar nemenda við fullyrðingunni *Ég ber ábyrgð á eigin lærdómi í þessum áfanga* þar sem nemendur eru 97 til 99% sammála fullyrðingunni gefur vísbendingu um að nemendur FVA hafi náð þeim þroska að gangast við eigin ábyrgð á námsframvindu sinni, sem er vel. Rétt er þó að minna á að að svarhlutfall nemenda í heild var aðeins rúm 40%. Færri



dreifnámsnemendur svöruðu kennslumatinu en þeir sem svara eru almennt mun jákvæðari en dagskólanemendur og virðast almennt mjög sáttir við kennsluna í FVA.

Hér fyrir neðan eru niðurstöður úr spurningunni um *fjölbreytta kennsluhætti*, bæði á haust- og vorönn. Verkefnavinna og hópvinna nemanda eru greinilega þeir kennsluhættir sem flestir kennarar nota. Sjá má aukningu í notkun smáforrita en á haustönn segja 2% nemenda (allir hópar) að kennarar noti þau í kennslu en 5% á vorönn. Fróðlegt verður að fylgjast með hvernig svör við þessari spurningu koma til með að þróast en kappkostað er að beita kennsluaðferðum sem styðja við góðan árangur og eru hentugastar hverju sinni.



## Næstu skref

Á skólaárinu 2020 –21 er fyrirhugað að kennarar rýni áfram í niðurstöður kennslukannana með það að leiðarljósi að nýta þær til að bæta og þróa kennsluhætti til árangurs. Í þessu sambandi má nefna umræðuhópa á skipulögðum og reglubundnum vinnufundum kennara þar sem sjónum er beint sérstaklega að tilgreindu efni, s.s. uppbyggingu brauta, forkröfum í háskólanám og starfendarannsóknum.


---

## STUTT KÖNNUN Í SAMKOMUBANNI


Til viðbótar við hefðbundnar kennslukannanir var lögð fyrir stutt könnun í samkomubanni í byrjun apríl 2020. Hún bar einfaldlega heitið “Stutt könnun í samkomubanni” og var tilgangur hennar fyrst og fremst að fá einhverja hugmynd um hvernig nemendur væru að upplifa þetta skrítna ástand þegar skólanum var lokað vegna covid-19. Af 368 nemendum sem könnunin var lögð fyrir svöruðu 245 nemendur eða um 66.5% sem telst gott svarhlutfall.

Spurningar og niðurstöður eru eftirfarandi:


1. Hversu vel eða illa hefur þér gengið að aðlagast breyttu námsfyrirkomulagi síðustu vikur?



2. Hversu mikið eða lítið álag hefur þú upplifað í náminu síðustu vikur?




3. Hefur þú fengið aðstoð frá náms- og starfsráðgjafa á þessum tíma?



4. Hvaða hugbúnað nota þínir kennarar helst í fjarkennslu?





Samandregið ályktuðu stjórnendur út frá þessum svörum sem svo að nemendum hafi að jafnaði gengið vel að fóta sig í nýju námsumhverfi en að þeir hafi upplifað umtalsvert aukið álag. Athygli vekur að nemendur segjast hafa fengið takmarkaða eða enga aðstoð frá náms- og starfsráðgjafa. Þessi niðurstaða er á skjön við mjög aukinn viðtalafjölda á sama tíma hjá náms- og starfsráðgjöfum. Ekki hefur verið rýnt hvað veldur þessum mun en tilgáta er um að mögulega hafi viðtöl náms- og starfsráðgjafa raðast á tiltölulega fáa nemendur sem hafi þá fengið mörg stuðningsviðtöl. Í svörum við lokaspurningunni kemur ekki á óvart að kennarar hafi mest notað Teams og Innu í fjarkennslunni en nokkuð á óvart hve hlutfall notkunar á tölvupósti er hátt.

## SKÓLAPÚLSINN

Skólalúlsinn framkvæmir samræmda könnun á meðal framhaldsskólanema í nóvember ár hvert. FVA tók ekki þátt í könnuninni haustið 2019 en vert er að rifja upp að samkvæmt niðurstöðum Skólalúlsins á haustönn 2018 (svarhlutfall hjá FVA var 65%) er líðan nemenda FVA almennt betri en líðan nemenda annarra framhaldsskóla sem tóku þátt í könnuninni. Tölfræðilega marktækur munur var m.a. á mælingu á þunglyndi en nemendur FVA mældust 8,4% lægri í þunglyndi en nemendur í viðmiðunarskólunum.

## ÞJÓNUSTUKANNANIR

Þjónustukannanir þar sem starfsfólk, nemendur og forráðamenn meta skilgreinda þjónustubætti hjá skólunum var ekki framkvæmd á skólaárinu, s.s. mötuneyti; fyrirhugað er að framkvæma þjónustukannanir haustið 2020, sbr. [verk- og framkvæmdaáætlun](#).

## NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF, ÞJÓNUSTA GEÐHJÚKRUNARFRÆÐINGS OG FORVARNIR

Hlutverk náms- og starfsráðgjafa í FVA er fyrst og fremst að vera málsvari og trúnaðarmaður nemenda innan skólans og standa vörð um velferð þeirra. Hann liðsinnir nemendum í málum sem snerta skólavist þeirra og námið og veitir þeim ráðgjöf um hvernig þeir geti fengið úrlausn sinna mála. Á árinu 2019 var stoðþjónustan eflað til að huga sérstaklega að líðan og veita stuðning í námi með það að markmiði að draga úr brottfalli. Náms- og starfsráðgjafar voru í 1,25 stöðugildi og



geðhjúkrunarfræðingur í 25% starfshlutfalli í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi. Á haustönn var námsver (Verið) opið að hluta til sem lesstofa og veitt var námsaðstoð þrjá tíma á viku til viðbótar við hefðbundna kennslu. Þar gátu nemendur fengið leiðsögn kennara og samnemenda (jafningjafræðsla) við námið en styrkur til eflingar stuðningsþjónustu hafði verið nýttur til að náms- og starfsráðgjafi gæti sótt námskeið og til að setja upp Verið.

Haustönnin var með hefðbundnu sniði þar sem nemendur gátu leitað til námsráðgjafa eða geðhjúkrunarfræðings og hitt þá á auglýstum opnum tímum og/eða bókað tíma til viðtals og ráðgjafar. Námsráðgjafi sá um náms- og starfsfræðslu fyrir nýnema, í samráði við kennara í lífsleikni. Vorönnin aftur á móti einkenndist af mikilli rafrænni ráðgjöf í kjölfar samkomubanns í mars enda engir nemendur í skólanum. Það er óhætt að segja að veturinn hafi verið einstaklega krefjandi fyrir alla hlutaðeigandi. Námsveri var að sjálfsögðu lokað þegar skólanum var lokað um miðjan mars 2020. Á myndum hér fyrir neðan má sjá fjölda viðtala á vorönn 2020 og til samanburðar fjölda viðtala á vorönn 2019 en myndirnar sýna vel áhrif covid-19, hvernig allur tími náms- og starfsráðgjafa var nýttur til stuðningsviðtala við nemendur enda álag á þeim mikið og engar kynningar á námi hjá FVA á öðrum vettvangi (þ.m.t. hvorki heimsóknir í skóla á Vesturlandi eða í Laugardalshöll né kynningarfundir í opnu húsi hjá FVA).



Fyrirhugað var að efla stoðþjónustu í samstarfi við bæjaryfirvöld og stjórnendur grunnskóla, o.fl. gegn fíkniefnanotkun og áhættu hegðun ungs fólks á Akranesi (Brúin) sem skyldi lokið 2021. Forvarnarfulltrúi tók þátt í reglubundnum Brúar-fundum á skólaárinu, sinnti fræðslu frá Landlækni til nýnema og viðtölum við nemendur. Þá er skólinn þátttakandi í verkefninu Heilsuefandi framhaldsskóli og vinnur í gegnum það að heilbrigðum lífsstíl nemenda sem og með stuðningi náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings (geðhjúkrunarfræðings) og félagslífsfulltrúa skólans. Á vorönn 2020 fólust meginverkefni forvarnarfulltrúa (geðhjúkrunarfræðingur) í stuðningsviðtölum við viðkvæma hópa í samstarfi við náms- og starfsráðgjafa.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku fengu sérstakan stuðning í íslenskukennslu og nokkrum öðrum námsgreinum á skólaárinu (ÍSAN-áfanginn). Stuðningur sem þessi er mikilvægur og eykur líkur á að nemendurnir nái tókum á náminu. Stuðningurinn er í sífelldri endurskoðun með það að leiðarljósi að tryggja góða þjónustu við nemendurna. Á vorönn 2020 voru þessir nemendur í forgangshópi,



ásamt nemendum starfsbrautar og verknámsnemendum þegar samkomubann var rýmkað og hluti nemenda kom í skólann á ný frá 4. maí (sjá [tímalínu covid](#)).

## FÉLAGSLÍF NEMENDA

Haustönn 2019 fór vel af stað og lofaði góðu fyrir skólaárið í heild og metnaður hjá stjórn nemendafélagsins (NFFA) mikill. Nýnemavikan gekk vel og þó nokkrir viðburðir fylgdu í kjölfarið, s.s. kaffihúsakvöld, lazertag, wintercup, kahoot keppni, söngkeppni og nokkur böll. Klúbbastarf var með ágætum framan af skólaárinu en þar er leiklistarklúbburinn stærstur en einnig má nefna tónlistarklúbb, GEY (góðgerðarfélag) og femínistafélagið Bríet. Covid-19 setti svo hressilega strik í reikninginn og öllum viðburðum var frestað um miðja vorönn, þar með talið árshátíð nemenda og leiksýningu leiklistarklúbbsins en hvort tveggja hafði verið í undirbúningi frá því á haustönninni.

## UMHVERFISMÁL

Áhersla umhverfisnefndar, sem í situr hópur nemenda með umhverfisfulltrúa úr röðum kennara í fararbroddi, var sem áður að hvetja til umhverfisvæns lífstíls, s.s. með því að nýta alla hluti vel og minnka kolefnissporið með því að minnka sóun, planta trám o.fl. Á haustönn var starfsemin öflug en þar má nefna umhverfistengdan „áróður“ á rafrænum síðum nemendafélagsins, nemendur fengu fyrirlestur um plast og skaðsemi þess og haldinn var skiptimarkaður fyrir fatnað og hluti. Einnig var skipulögð og undirbúin þátttaka þriggja nemenda í Erasmus verkefninu Schools for a Gree Future í Þýskalandi á vorönn en hætt var við þá ferð vegna Covid 19. Fleiri verkefnum var sjálfhætt af sömu ástæðu, s.s. úttekt á umhverfismálum í skólanum sem hafði verið skipulögð og þátttaka í Young Reporters for the Environment verkefni sem náði ekki flugi. Opnir dagar voru í vikulok síðustu viku fyrir lokun skólans 16. mars en þá stóð umhverfisnefnd fyrir málstofu um umhverfismál og stöðu þeirra innan FVA. Tillögur umhverfisnefndar fyrir næsta/næstu skólaár eru fjölmargar, m.a. eftirfarandi: Koma lifandi inniþlöntum fyrir sem víðast í skólanum, leggja af notkun á einnota ílátum (nemendafélagið selur nú fjölnota flöskur), koma upp tunnum fyrir lífrænan úrgang í mötuneyti og aukin þátttaka FVA í umhverfisverkefnum.

## HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLI

Í gegnum verkefnið Heilsueflandi framhaldsskóli sem FVA er þátttakandi í er unnið að heilbrigðum lífsstíl nemenda og starfsfólks með stuðningi náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings (geðhjúkrunarfræðings), félagslífsfulltrúa skólans og heilsuefningarteymis þar sem sæti eiga fulltrúar starfsfólks og nemenda. Þá er stöðugt hugað að hollu mataræði í mötuneyti skólans þar sem framreiddur er heitur hádegisverður alla skóladaga og hægt að kaupa bita og drykki milli mála þar sem hugað er að hollustu. Á skólaárinu fór mikil vinna af hálfu teymisins í að fylla út átta gátlista frá Embætti landlæknis um 1) mataræði, 2) hreyfingu, 3) áfengi og önnur vímefni, tóbak og rafrettur, 4) jafnrétti og kynheilbrigði, 5) verklag, 6) starfsfólk, 7) öryggi og 8) geðrækt. Grunnlína var dregin í öllum listum nema gátlistanum um geðrækt (frestað til haustannar 2020). Á vorönninni 2020 var hafist handa við aðgerðaráætlun fyrir



gátlistana, hvern fyrir sig og heldur sú vinna áfram á haustönn 2020. Skor úr gátlistum sem liggja fyrir er á bilinu 39% (hreyfing) til 62-63% (áfengi og önnur vímefni, tóbak og rafrettur og jafnrétti og kynheilbrigði) (sjá nánar á heimasíðunni [www.heilsueflandi.is](http://www.heilsueflandi.is)). Góðar umræður urðu í kringum listana og heilsueflingarteymið gerir sér betur en áður grein fyrir stöðu skólans varðandi heilsueflingu og hvað megi bæta.

Heilsutengdir viðburðir á skólaárinu voru eftirfarandi á haustönn 2019: Heilsuvika FVA sem tókst vel og verður árviss viðburður í framtíðinni (jóga, núvitund, fjallanga, fimleikar, heilsufarsmælingar, róðrakeppni milli starfsfólks og nemenda, fyrirlestrar) en á vorönn 2020: Lífshlaupið, 35% þátttaka í vinnustaðakeppni en dræmari skráning meðal nemenda; Opnir dagar FVA (heilsueflandi viðburðir og fyrirlestur); Hjólað í vinnuna þar sem við enduðum í 35. sæti af 75 vinnustöðum; Göngur heilsueflingarteymisins fyrir starfsfólk í lok skólaárs á Háahnjúkur og að Glym í Hvalfirði.

Covid setti vissulega mark sitt á starf heilsueflingarteymisins í samkomubanninu frá 16. mars. Brugðið var á það ráð að senda nemendum og starfsfólki vikulega heilsueflandi og peppandi tölvupósta frá heilsueflingarteyminu (sem einnig birtust á heimasíðu og facebook síðu FVA). Þar var fjallað um ýmis mikilvæg heilsutengd málefni (svefn, mataræði, hreyfingu og geðheilsu) með það fyrir leiðarljósi að gefa nemendum og starfsfólki heilstengd hagnýt ráð.

#### ERLENT SAMSTARF

Á haustönn 2019 var í farvatninu Nordplus verkefnið Education Lighthouse sem snýr að samanburði á menntunarkröfum og tækifærum nemenda á Íslandi, Finnlandi. Tveir kennarar og 15 nemendur fóru til Finnlands í nóvember 2019 og áætlað var að hingað kæmu kennarar og nemendur frá Finnlandi og Litháen í lok mars 2020. Sú heimsókn féll niður vegna samkomubannsins en kemst vonandi á síðar á árinu 2020. Þá er verkefnið Nordic Nature Experience sem snýr að útivist og túlkun náttúru í listum í Svíþjóð, Finnlandi og Íslandi. Áætlað var að kennarar og nemendur færu til Svíþjóðar haustið 2020 í tengslum við það en þeirri ferð verður frestað. Loks átti umhverfisverkefnið Schools for a Green Future (Erasmus verkefni) að hefjast á haustönn 2019 en flensufaraldur setti strik í reikninginn og verkefninu frestað. Í tengsum við þýskuáfanga var áætluð hefðbundin nemendaferð til Þýsklands á vorönn 2020 en hætt var við þá ferð vegna covid-19.

#### TÆKNIMÁL

Á haustönn var gerð gangskör að því að nota Teams í kjölfar þess að póstsamskipti var færður í Office 365. Á vorönn 2020 kölluðu nýir kennsluhættir í kennslu á aukið öryggi, m.a. á grundvelli krafna persónuverndarlaga og var sett upp svokallað tvöfalt auðkenni (Multifactor Authentication – MFA) til þess að efla öryggi gagna og vinnu á netinu. Kennarar notuðu einkum Teams til kennslu yfir netið.



## SKJALAVISTUN

Innleiðing á rafræna skjalavistunarkerfinu GoPro hófst á árinu 2019. Í GoPro er haldið utan um vistun skjala skv. lögum um opinber skjalasöfn og er vinna við innleiðinguna leidd af upplýsingafræðingi sem jafnframt heldur utan um bókasafnið. Reglulegir örfundir hafa verið haldnir með notendum GoPro í FVA þar sem farið er yfir vinnulag við skjölun og mál sem upp koma. Auk þess hefur skjalavörður sest niður með notendum GoPro hverjum fyrir sig og kennt á kerfið. Notkun GoPro hefur stóraukist á skólaárinu 2019-2020 og áhersla lögð á að koma þeim skjalaflokkum fyrir í GoPro sem þar eiga heima.

## BÓKASAFN

Starfsemi bókasafns FVA var með hefðbundnu sniði framan af skólaárinu 2019-2020. Nemendur nýttu vel aðstöðuna á safninu, bæði til einstaklingsnáms og í hópavinnu. Nemendur nutu aðstoðar upplýsingafræðings við heimildaleit og heimildavinnu og höfðu aðgang að tölvum og prentara á safninu. Útlán jukust milli ára, 1.364 eintök voru lánuð út á árinu 2019 (1.108 árið 2018). Nýnemar í lífsleikni fengu fræðslu um heimildaleit og heimildaskráningu (þ.m.t. um ritstuld, tilvitnanir og tilvísanir) og þjónusta safnsins kynnt fyrir þeim. Í mars 2020 var safninu lokað um tíma vegna smithættu. Áfram var veitt þjónusta í gegnum síma og net eins og hægt var og nemendur fengu aðstoð við heimildavinnu í gegnum Teams.

## STEFNUR OG ÁÆTLANIR

Upplýsingar um fyrirliggjandi stefnur hjá FVA eru undir [Stefnur og áætlanir](#) á heimsíðu skólans. Uppfærðar eða nýjar stefnur á skólaárinu voru [viðbragðsáætlun](#), [jafnlaunastefna](#), [jafnréttisáætlun](#). Stefnur sem unnið verður að á skólaárinu 2020-2021 eru helstar gæðastefna, loftslagsstefna, menntastefna (þ.m.t. heildstæð stefna um nám og kennslu), skjalastefna og umhverfisstefna.

## YTRA MAT

### ÚTTEKT MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS 2017

*Ytra mat* fer fram á nokkurra ára fresti, þ.e. úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytisins á því að framhaldsskólar uppfylli skyldur í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá. Síðasta úttekt á FVA fór fram árið 2017. Skýrsla yfir [niðurstöður ytra mats](#) eru birtar á vef skólans.


### SKÓLAPÚLSINN 2019

*Framhaldsskólupúlsinn* er árleg, samræmd könnun á meðal framhaldsskólanema þar sem þátttökuskólunum er gert mögulegt að meta stöðu og árangur af þróunarstarfi sem snýr að líðan, námsumhverfi, virkni og skólabrag. FVA tók ekki þátt í könnuninni árið 2019.

## STOFNUN ÁRSINS 2020


Starfsumhverfiskönnun ríkisins, Sameykis o.fl. sem Gallup sér um er lögð fyrir árlega, síðast vorið 2020. Framkvæmdin var með hefðbundnu sniði. Í heildarúrtaki voru 27.983 manns í rúmlega 200 stofnunum. Svarhlutfall í heild var 43% á móti 48% 2019. Svarhlutfall hjá FVA 2020 var hins vegar 60% (fjöldi sem fékk spurningalistann var 67) og hefur því vaxið umtalsvert frá árinu 2019 þegar það var 49%. Þess ber að geta að nýr skólameistari tók við störfum þann 1.1.2020.

Sem fyrr voru eftirfarandi þættir kannaðir: Stjórnun, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar, ánægja og stolt og loks jafnrétti. Á myndum hér á eftir má sjá hvernig skólinn skorar á þessum níu þáttum á 5 stiga einkunnakvarða þar sem einkunnin 5 gefur til kynna jákvæðustu afstöðu eða mestu ánægju og einkunnin 1 gefur til kynna neikvæðustu afstöðu eða mestu óánægju. Tölur í sviga sýna mun á meðaltali nú frá meðaltali mælingar 2019.



Sjá má að allar tölur hækka en mesta hækkun fá stjórnun (hækkun um 1,12 stig) ánægja og stolt (hækkun um 0,63 stig) og launakjör (hækkun um 0,64 stig). Ánægja með launakjör skorar þó áfram lægst en hækkunin má að líkindum rekja til þess að nýr stofnanasamningur var í vinnslu þegar könnunin var gerð og var undirritaður 13. mars.

Á næstu mynd má sjá hvernig FVA kemur út í samanburði við aðra framhaldsskóla og háskóla annars vegar og hins vegar allar stofnanir í sama stærðarflokki:




Í könnuninni 2019 var einkunn FVA sambærileg við einkunnir í öðrum skólum á þáttunum vinnuskilyrði og sjálfstæði í starfi; allar aðrar einkunnir voru ýmist heldur lægri eða mun lægri, þ.e. stjórnun, starfsandi, launakjör og ímynd stofnunar. Það má því leiða líkum að því að nokkuð hafi áunnist sbr. niðurstöður 2020 þó gera megi betur í nokkrum þáttum, helst jafnrétti, ímynd stofnunar og launakjör. Hvað varðar viðhorf til launakjara er rétt að minna á að nýr stofnanasamningur kennara var undirritaður á vorönn 2020, eftir að könnunin varð gerð. Með nýjum samningi hækkuðu laun kennara umfram kjarasamninga um 1 lfl í grunnröðun og 1 lfl til viðbótar eftir 4 ár í starfi. Þá fékk FVA jafnlaunavottun vorið 2020 og mun jafnlaunakerfið nýtast til að tryggja launajafnrétti. Áhugavert verður að fylgjast með þróun á viðhorfi starfsfólks til launakjara.


Hér fyrir neðan eru loks myndir sem sýna meðaltal hæstu og lægstu einkunna hjá FVA í spurningum sem eru hluti af þáttunum sem tilheyrja Stofnun ársins (ekki þáttur í heild). Tölur í sviga sýna mun á meðaltali FVA og meðaltali stofnana í sama stærðarflokki.

Tölurnar skýra sig sjálfar en fimm hæstu einkunnirnar vera vott um ánægju með ýmsa þætti stjórnunar en fimm lægstu lýsa óánægju með aðra stjórnunarþætti, s.s., launakjör, að nokkuð vanti upp á sanngirni í ákvarðanatöku um laun, að huga þurfi að kynjaskiptingu í ábyrgðarstöðum og að vinna að jákvæðri ímynd skólans í samfélaginu.

#### Fimm hæstu einkunnir stofnunar



#### Fimm lægstu einkunnir stofnunar



Ítarlega greiningu Gallup á svörum FVA í könnuninni Stofnun ársins er að finna [hér](#).

## MARKMIÐ OG ÚRBÆTUR

### MARKMIÐ 2019 TIL 2020 - ÁRANGUR OG ÚRBÆTUR

#### Efla fjölbreytt og gott bók-, list- og starfsnám

- Setja á fót rýnihóp (kennarar, nemendur, fulltrúar atvinnulífsins) til að rýna aðstöðu verknáms sem uppfyllir kröfur atvinnulífsins; Náðist ekki á skólaárinu 2019-2020
- Gert ráð fyrir endurnýjun á tækjabúnaði fyrir 20 m. kr. á árinu 2019. Endurnýjun náði 8,6 m. kr. en fjárfesting á vorönn 2020 var óveruleg.
- Auka hlutfall nýnema í verk- og starfsnám. Viðmið fyrir árangur var 26% og náðist 100% árangur á árinu 2019.
- Þjóða upp á fjölbreytt listnám/nýsköpun/frumkvöðlamennt. Grunnur var lagður á haustönn 2019 með nýju kjörsviði í listum og nýsköpun og valáfanga í myndlist og á vorönn 2020 var auk myndlistaráfanga jafnframt kenndur áfanginn kvikmyndafræði.





### **Gæði náms og kennslu – Efla eftirfylgni**

- Innleiðing gæðahandbókar á vefnum var á dagskrá skólaársins 2019-2020 en var sett á bið vegna anna við önnur verkefni, s.s. innleiðingu jafnlaunakerfis. Mörg gæðaskjöl varðandi nám og kennslu eru fyrirbyggjandi og verða færð í gæðahandbók 2020-2021.
- Mótun heildstæðrar menntastefnu sem nær til bæði starfsfólks og nemenda, komst ekki til framkvæmda á skólaárinu en verður tekin upp á haustönn 2020.
- Koma á fót rýnihópum hagsmunaðila í tengslum við kannanir og önnur verkefni; stuðlar jafnframt að lýðræðislegum vinnubrögðum. Var á dagskrá vorannar 2020 en náðist ekki sökum covid-19.
- Vinna að því að bæta svörun í kennslumati; frestað vegna covid-19 til 2020-2021
- Auka fjölbreytni í námsmati. Á vorönn 2020 var hefðbundnum prófum skipt út fyrir rafræn próf; það má því segja að covid-19 hafi ýtt undir breytingar á námsmati.

### **Minnka brotthvarf úr námi**

- Skima fyrir brotthvarfi meðal nýnema, úrvinnsla og eftirfylgni, lokið 2021. Vinna að þessu markmiði en það kom ekki til framkvæmda á skólaárinu 2019-2020.
- Stuðningur við nemendur með annað móðurmál og nemendur með dyslexíu aukinn. Verið var sett upp á haustönn 2019 og þar mótuð aðstaða til kennslu og stuðnings við nemendur – verkefnið er í stöðugri þróun.
- Efla stoðþjónustu í samstarfi við bæjaryfirvöld og stjórnendur grunnskóla gegn fíkniefnanotkun og áhættuhegðun ungs fólks (Brúin - verkefni lokið 2021) – Forvarnarfulltrúi FVA sinnir samstarfi við aðila verkefnisins. Skýrsla vorið 2020 liggur ekki fyrir.

Aðgerðir tengdar þessu markmiði, þ.e. að minnka brotthvarf úr námi, snúa að því að vinna að heilbrigðum lífsstíl nemenda, m.a. gegnum verkefnið Heilsuefandi framhaldsskóli og með stuðningi náms- og starfsráðgjafa, skólahjúkrunarfræðings og félagslífsfulltrúa.

### **Efling mannaúðs**

Mannauður skólans er ekki bundinn við ákveðinn hóp heldur alla sem við skólann starfa, hvort heldur í námi eða launuðu starfi. Kappkostað er að styðja við góða líðan bæði nemenda og starfsfólks og hvetja til árangurs; leiðin til þess er m.a. með aukinni miðlun upplýsinga, bæði með aukinni upplýsingagjöf gegnum [Skrúdduna](#) (vikulegt fréttabréf skólameistara) og aukið samtal, huga að öllum og viðhafa lýðræðisleg vinnubrögð sem víðast.

Á vorönn 2020 fékk Covid-19 að sjálfsögðu mikla athygli og öllum upplýsingum, leiðbeiningum og góðum ráðum varðandi áhrif á námið, nemendur og starfsfólk var safnað á einn stað á heimasíðu, [Covid-19](#) þar sem það var aðgengilegt fyrir hagsmunaaðila alla.

- Ánægja starfsfólks er mæld í könnun ríkisins og Sameykis, Stofnun ársins. Niðurstöður könnunarinnar á vorönn 2020 sýna bæði aukna þátttöku starfsfólks í könnuninni og aukna starfsánægju. Sjá nánar í kaflanum [Ytra mat](#) hér framar.



- Í kennslukönnunum (sjá nánar í kaflanum [Niðurstöður kennslukannana](#) hér framar) má segja að nemendur séu almennt ánægðir og jákvæðir í sínu námi og í skólanum.
- Áhersla á heilsuefingu (hreyfing, mataræði og andleg líðan)
- Samhliða endurnýjun og viðhaldi ríkiskaupa á húsnæði heimavistar á vorönn (heimavist var lokuð í samkomubanni) endurnýjaði skólinn ýmsan búnað með það að markmiði að gera aðstöðu íbúa á heimavist sem mest aðlaðandi og styðja þannig við góða líðan.

### **Faglegir starfshættir - ýmsir**

- Úttekt var gerð á námsáætlun og einkunnareglum á skólaárinu. Haldin voru örnámskeið og fræðsla fyrir kennara á bæði á haust- og vorönn til að styðja við aukna notkun kennara á einkunnarreglu í Innu.
- Kennslukerfi Innu: Örnámskeið fyrir kennara eftir þörfum.
- Fræðsla til kennara á vorönn um rafræna kennsluhætti og próf yfir netið.
- Á vorönn 2020 var gerð nákvæm úttekt á kennsluáætlunum allra áfanga. Þar var m.a. skoðaður fjölbreytileiki kennslu og námsmats þar sem kannanir meðal nemenda höfðu leitt í ljós óskir um fjölbreyttara námsmat og kennsluhætti, auk þess sem nemendur vildu hafa meiri áhrif á skipulag kennslu. Þessi úttekt var einnig notuð til að skipuleggja námsmatsdaga.
- Persónuvernd: Fræðsla og kynning reglubundið og þegar tilefni gafst til og starfsfólk hvatt til að halda vöku sinni gagnvart miðlun upplýsinga samkvæmt persónuverndarlögum.
- Miðlun upplýsinga til starfsfólks um jafnlaunakerfið og framgang verkefnis um innleiðingu jafnlaunastaðals bæði á haust- og vorönn 2019-2020.
- Styðja faglegt samstarf við aðra framhaldsskóla, ekki síst skóla sem skilgreindir eru sem áþekkir FVA. Skólarnir kynni starfsemi sína og nýjungar og nýta þannig jafningjafræðslu.
- Þrískólasamstarf FVA, FSU og FSS: Starfsfólk skólanna hittist annað hvert ár á grundvelli jafningjafræðslu og skiptast skólarnir á að sinna gestgjafahlutverkinu og skipuleggja fræðsluna. Í febrúar 2020, áður en samkomubann skall á var fundurinn haldinn hjá FSU á Selfossi og sótti starfsfólk FVA fundinn. Næsti fundur er fyrirhugaður 2022 hjá FVA. Þá hafa stjórnendur þrískólasamstarfsins hist reglubundið á samstarfsfundum en þó ekki á vorönn 2020, vegna samkomubanns og smithættu.

### **MARKMIÐ OG AÐGERÐIR FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2020-2021**

#### ***Efla fjölbreytt og gott bók-, list- og starfsnám***

- Setja á fót rýnihóp (kennarar, nemendur, fulltrúar atvinnulífsins) til að rýna aðstöðu verknáms sem sem uppfyllir kröfur atvinnulífsins (náðist ekki á skólaárinu 2019-2020).
- Endurnýjun á tækjabúnaði í samræmi við fjárhagsáætlun.
- Auka hlutfall nýnema í verk- og starfsnám; m.a. í gegnum kynningar sbr. Tæknimessu hjá FVA á haustönn sl. ár, þar sem nemendum í efstu bekkjum grunnskóla á Vesturlandi hefur verið kynnt námsframboð sem í boði er á Vesturlandi á sviði iðngreina og hvaða tækifæri eru til atvinnu hjá iðn- og tæknifyrirtækjum í landshlutanum.



- Þjóða upp á fjölbreytt listnám/nýsköpun/frumkvöðlamennt. Halda áfram þar sem frá var horfið á síðasta skólaári með því að;
  - þjóða upp á valáfanga á sviði lista og nýsköpunar á haustönn 2020 í leiklist, ljósmyndun og myndvinnslu, myndlist, teikning og mótun.
  - koma á fót Fablab smiðju í samstarfi við Nýsköpunarsetur og Akraneskaupstað á haustönn 2020.
  - þjóða upp á [Menntamaskínu](#) (MeMa) á haustönn 2020.
  - þjóða upp á áfanga í mechatronik (MEKV3FV05) á haustönn 2020.
  - þjóða upp á valáfanga í sjálfstyrkingu (empowerment) fyrir framhaldsskólabraut á vorönn 2021.

### **Gæði náms og kennslu**

- Innleiðing gæðahandbókar á vefnum á skólaárinu 2020-2021; gæðaskjöl aðgengileg þar, fyrir varðandi jafnlaunakerfið og þá nám og kennslu.
- Mótun heildstæðrar menntastefnu fyrir starfsfólk og nemendur.
- Koma á fót rýnihópum hagsmunaðila í tengslum við kannanir og önnur verkefni og stuðla þannig að lýðræðislegum vinnubrögðum.
- Vinna að því að bæta svörun í kennslumati; leiðir mótaðar á fundum kennara á haustönn 2020
- Auka fjölbreytni í námsmati. Nýta reynslu sem fékkst í samkomubanni á vorönn 2020 til að ýta undir frekari þróun.

### **Minnka brotthvarf úr námi**

- Skima fyrir brotthvarfi meðal nýnema, úrvinnsla og eftirfylgni, lokið 2021 (kom ekki til framkvæmda 2019-2020).
- Stuðningi við nemendur með annað móðurmál, nemendur með dyslexíu og aðra viðkvæma hópa, þar með talið nýnema, haldið áfram. Umsjón hjá náms- og starfsráðgjöfum.
- Efla stoðþjónustu í samstarfi við bæjaryfirvöld og stjórnendur grunnskóla gegn fíkniefnanotkun og áhættu hegðun ungs fólks (Brúin - verkefni lokið 2021) og stuðla að heilbrigðum lífsstíl – Forvarnarfulltrúi FVA sinnir samstarfi við aðila verkefnisins.

### **Efling mannauðs**

#### **Starfsfólk**

- Skapa traust og gott andrúmsloft á vinnustaðnum (með skýrum skilaboðum, faglegu samstarfi og opnum samskiptum), mælt í Stofnun ársins.
- Stuðla að vellíðan starfsfólks, m.a. með framangreindu, góðri upplýsingamiðlun (fréttabréfi, samfélagsmiðlum), auknu samtali (starfsmannasamtöl, þ.m.t. snerpusamtöl) og samstarfi,

lýðræðislegum stjórnunarháttum, hvatningu og tækifærum til að viðhalda og auka þekkingu og þróa sig í starfi.

### *Nemendur*

- Efla jákvæða sjálfsmynd nemenda (valáfangi í sjálfstyrkingu kenndur í fyrsta sinn á haustönn 2020).
- Stuðla að ánægju og vellíðan nemenda, m.a. í þáttum sem mældir eru í kennslu- og þjónustukönnunum.
- Efla lýðræðislega kennsluhætti.

### *Faglegir starfshættir*

- Endurskoðun á skólanámskrá og kennsluáætlunum eins og tilefni gefast til.
- Fræðsla til kennara og annars starfsfólks á grundvelli þarfagreiningar sem gerð verður á haustönn 2020, auk hefðbundinnar fræðslu um persónuvernd o.fl.
- Kennslukerfi Innu: Örnámskeið fyrir kennara eftir þörfum haust og vor 2020-2021.
- Önnur fræðsla og kynningar til kennara og starfsfólks eftir því sem tilefni er til hverju sinni á miðvikudagsfundum.
- Sjálfsmat styrkt í sessi 2020 – 2021.

### *Ímynd skólans*

Bæta ímynd skólans en í niðurstöðum Stofnunar ársins 2020 mælist viðhorf til ímyndar FVA nokkru lægra en sama mæling hjá viðmiðunarstofnunum.

- Leiðir að þessu er m.a. að halda á lofti því góða starfi sem fram fer í skólanum og góðum árangri nemenda í námi og leik, s.s. með því að birta jákvæða viðburði á Fb síðu, Instagram og í Skruddunni og á fleiri miðlum, s.s. í Skessuhorni og víðar.
- Umsjón með nýnemum og stuðningur við nýja kennara hefur verið efldur; góður árangur á þessu sviði er til þess fallinn að styrkja jákvæða ímynd FVA og auka hróður skólans.

Akranesi 4. september 2020

Steinunn Inga Óttarsdóttir, skólameistari